



**247. fundur framkvæmdastjórnar ÍSÍ var haldinn í fundarsal framkvæmdastjórnar ÍSÍ, Íþróttamiðstöðinni í Laugardal, fimmtudaginn 13. október 2016 kl. 16:00.**

**Mættir: Lárus L. Blöndal forseti ÍSÍ, Sigríður Jónsdóttir ritari, Garðar Svansson, Örn Andrússon, Ingibjörg Bergrós Jóhannesdóttir, Guðmundur Ágúst Ingvarsson, Þórey Edda Elísdóttir 1. varamaður, Jón Finnbogason 3. varamaður, Líney Rut Halldórsdóttir framkvæmdastjóri og Halla Kjartansdóttir skrifstofustjóri.**

**Forföll boðuðu: Helga Steinunn Guðmundsdóttir varaforseti, Gunnar Bragason gjaldkeri, Hafsteinn Pálsson, Ingi Þór Ágústsson, Gunnlaugur Júlíusson og Lilja Sigurðardóttir 2. varamaður.**

**Þetta gerðist:**

Forseti sett fundi og stjórnaði honum.

**1. Ólympísk málefni**

Örn Andrússon fór yfir stöðu ólympískra verkefna.

Verkefnin sem framundan eru á næsta ári verða mjög kostnaðarsöm og nauðsynlegt að taka ákvarðanir um hlut ÍSÍ í þeim verkefnum. Forskráningum vegna Smáþjóðaleikanna í San Marínó þarf að skila í desember.

**2. Fagsvið ÍSÍ**

Sigríður Jónsdóttir formaður Þróunar- og fræðslusviðs ÍSÍ skýrði frá ráðstefnunni Sýnum karakter sem haldin var á vegum ÍSÍ og UMFÍ 1. október síðastliðinn í Háskólanum í Reykjavík. Ráðstefnan var mjög fjölmenn. Verkefnið mun lifa áfram á heimasíðunni synumkarakter.is þar sem finna má ýmis hjálpargögn fyrir þjálfara.

Umræður hafa verið á sviðinu um fjölgun þjálfarastyrkja og sérstakar styrkjaleiðir fyrir landsliðsþjálfara.

ÍSÍ stóð einnig fyrir íþróttavísindaráðstefnunni „Frá unglingi til afreksmanns – Heilbrigð sál í hraustum líkama“ í Laugardalshöllinni 13.-15. október sl.

Líney Rut Halldórsdóttir skýrði frá helstu verkefnum á Almenningsíþróttasviði ÍSÍ.

**3. Milliuppgjör á rekstri ÍSÍ**

Framkvæmdastjóri fór yfir 8 mánaða milliuppgjör reksturs ÍSÍ. Flestir rekstrarliðir eru á áætlun en kostnaður vegna miðakaupa og gistingar vegna Ólympíuleikanna í Ríó fór talsvert fram úr áætlun, einkum vegna þess að endursölukerfi leikanna brást og ekki reyndist unnt að losna við miða í endursölukerfi leikanna, líkt og var hægt í London 2012 og Sochi 2014. Forföll urðu í þátttöku gesta með skömmum fyrirvara og féll kostnaður á ÍSÍ vegna þess.

Þá tóku einnig færri keppendur þátt en reiknað var með, sem leiddi til færri íslenskra áhorfenda.

#### 4. Tilnefning fulltrúa ÍSÍ í stjórn Íslenskra getrauna

Samþykkt var með tölvupósti að tilnefna Hafstein Pálsson sem aðalmann og Líneyju Rut Halldórsdóttur sem varamann í stjórn Íslenskra getrauna.

#### 5. Norrænn fundur íþróttá- og ólympíusamtaka

Forseti og framkvæmdastjóri skýrðu frá norrænum fundi íþróttá- og ólympíusamtaka sem haldinn var 23.-25. september sl. í Helsinki. Fjöldmörg erindi voru á dagskrá fundarins. Dr. Viðar Halldórsson félagsfræðingur hélt m.a. erindi um góðan árangur Íslands í íþróttum. Samþykkt var eftirfarandi ályktun á fundinum:

*„Við, norrænu íþróttasamtökin, samþykkjum að vinna saman gegn lyfjamisnotkun í íþróttum. Það er okkar meining að efla verði Alþjóða lyfjaeftirlitsstofnunina (WADA) með sameiginlegu átaki óháðu íþróttasamtakanna, Lyfjaeftirlitssamtaka hvekkar þjóðar (NADOS) og stjórnvalda til að tryggja áhrifaríkt lyfjaeftirlit og við lýsum okkur tilbúin til að styðja það starf. Sjálfstætt og einnig með samvinnu munum við vinna að því að efla stöðu kvenna í leiðtogastörfum í íþróttum, bæði héraendis sem erlendis“.*

#### 6. Íþróttaping ÍSÍ 2017

Rætt um mögulega staðsetningu 73. Íþróttapings ÍSÍ sem fyrirhugað er að halda 5.- og 6. maí nk. Fundarmenn minntir á að láta vita í tíma hvort þeir hyggjast gefa kost á sér til áframhaldandi stjórnarsetu.

#### 7. Vinnuhópur ÍSÍ um afreksíþróttir

Forseti greindi frá skipan vinnuhóps ÍSÍ um afreksíþróttir. Í vinnuhópnum eru Stefán Snær Konráðsson formaður, Friðrik Einarsson og Þórdís Gísladóttir.

Í ljósi þess að framlag til afreksíþróttastarfs stóreykst með nýgerðum samningum við ríkisvaldið þá er nauðsynlegt endurskoða og móta hvernig þetta viðbótarfjármagn verði best nýtt til þess að bæta umhverfi afreksíþróttá á Íslandi með það að markmiði að efla íþróttalegan árangur Íslands. Til að ná því markmiði þarf vinnuhópurinn að yfirfara úthlutunarreglur Afrekssjóðs ÍSÍ, m.a. 4.gr., 5. gr., 9. gr. og 11. gr., auk þess að skoða hvaða viðbætur og breytingar þarf að gera í samræmi við þær upplýsingar sem vinnuhópurinn aflar á meðan á starfi hans stendur.

Mikilvægt er að hafa víðtækt samráð við aðila sem koma að afreksíþróttamálum erlendis til að fá ferska sýn inn í íslenskt afreksstarf og læra af reynslu annarra. Í því skyni þarf að leita samstarfs við innlenda og erlenda sérfræðinga til ráðgjafar um það hvernig best skuli standa að þessu verkefni og nýta þá þekkingu og reynslu sem þeir hafa af afreksíþróttastarfi erlendis. Einnig skal haft samráð við íþróttahreyfinguna á Íslandi og þá sérstaklega framkvæmdastjórn ÍSÍ, sérsambönd ÍSÍ, Afreks- og Ólympíusvið ÍSÍ og stjórn Afrekssjóðs ÍSÍ.

Vinnuhópurinn skal hafa til hliðsjónar Afrekssstefnu ÍSÍ, Reglugerð um Afrekssjóð ÍSÍ og skýrslu sem ber heitið „Kostnaður vegna afreksíþróttastarfs á Íslandi“.

Vinnuhópurinn skal kynna áfangaskýrslu á formannafundi ÍSÍ þann 11. nóvember.

#### 8. Frisbígolf

Tekið fyrir erindi Íþróttabandalags Hafnarfjarðar varðandi frisbígolf. Íþróttafélag um frisbígolf hefur óskað eftir aðild að bandalaginu en íþróttin hefur ekki verið viðurkennd af

ÍSí. Framkvæmdastjóri hefur kynnt sér stöðu íþróttarinnar alþjóðlega og á Norðurlöndum. World Flying Disc Federation (WFDF) er viðurkennt af IOC. Samþykkt að viðurkenna þær greinar frísbíþróttarinnar sem stundaðar eru undir merkjum WFDF.

## 9. Heiðranir

Engar tillögur til heiðrana lágu fyrir.

## 10. Fundargerðir

Eftirfarandi fundargerðir voru lagðar fyrir og staðfestar:

- 246. fundur framkvæmdastjórnar
- 17.,18. og 19. fundur framkvæmdaráðs ÍSí
- Fundur Afreks- og Ólympíusviðs ÍSí frá 28.9.2016. **Gerð er tillaga um að Örvar Ólafsson verði aðalfararstjóri á Vetrarólympíuhátíð Evrópuæskunnar í Erzerum í Tyrklandi 11.-18. febrúar nk. Tillagan samþykkt samhljóða.**
- Almenningsíþróttasvið ÍSí 21. sept. 2016
- Fundur Afrekssjóðs ÍSí 30.9.2016
- Laganefnd ÍSí 5. október 2016. **Tillögur laganefndar um afgreiðslu mála samþykktar.**
- Heiðursráð ÍSí 26. september 2016. **Tillaga Heiðursráðs ÍSí um tvær útnefningar í Heiðurshöll ÍSí 30. desember nk. samþykktar samhljóða.**
- Fundur Verkefnasjóðs ÍSí frá 13.10.2016. Eftirfarandi tillaga Þróunar- og fræðslusviðs ÍSí um úthlutun þjálfarastyrkja lögð fram. Samþykkt að eftirtaldir hljóti styrki að þessu sinni, samtals að upphæð kr. 1.200.000,-. Heill styrkur (100%) er kr. 100.000,- en hálfur styrkur (50%) er kr. 50.000,-.

Ágúst S. Björgvinsson	Karfa	Þjálfaranámskeið USA-Baltimore	100%
Benedikt Guðmundsson	Karfa	Þjálfaranámskeið USA- Boston	100%
Edda Garðarsdóttir	Knattspyrna	námskeið/heimsókn í Talahassee Flórída	100%
Hinrik Helgason	Tennis	Norræn þjálfara ráðstefna	50%
Ingi Rúnar Gíslason	Golf	Námskeið USA	100%
Katrín Ellý Björnsdóttir	Sund	ráðstefna í Billund, DK	50%
Kristinn Björgúlfsson	Handknattl.	Toppseminaret- námskeið í Noregi	100%
Maksim Akbachev	Handknattl.	námskeið í Póllandi	100%
Martha Ernstsóttir	Frjálsar	þjálfararáðstefna Ósló	100%
Milan Dziak-Kosicky	Tennis	Norræn þjálfara ráðstefna	50%
Pétur Guðmundsson	Frjálsar	Námskeið í kastgreinum	100%
Sigrún Kristín Jónasóttir	Sund	ráðstefna í Billund, DK	50%
Sturla Höskuldsson	Golf	PGA námskeið Svíþjóð	100%
Sveinn Torfason	Skíði	Skíðaráðsefna norska skíðasambandsis	100%

- YOG Lillehammer – skýrsla aðalfararstjóra
- Evrópuleikarnir í Baku 2015 – skýrsla aðalfararstjóra

### **11. Viðburðir framundan**

Farið yfir viðburði sem framundan eru og til lengri tíma litið.

### **12. Næstu fundir framkvæmdastjórnar ÍSÍ**

Næsti fundur framkvæmdastjórnar ÍSÍ verður haldinn 10. nóvember.

Vinnufundur stjórnar verður einnig haldinn 10. nóvember nk., strax í kjölfar framkvæmdastjórnarfundinum.

### **13. Önnur mál**

#### *Samningur við Flugfélag Íslands*

Framkvæmdastjóri kynnti drög að samningi við Flugfélag Íslands um afsláttarfargjöld innanlands. Engin hækkun er fyrirhuguð á fargjöldum Flugfélagsins. Skattar á einstaka flugleiðum hækka um örfáar krónur. Helsta breytingin frá fyrri samningi er hækkun á staðfestingargjaldi og breytingagjaldi. Áfram verður boðið upp á afsláttarleiðir ef ÍSÍ-fargjald er ekki í boði í umbeðið flug.

Fyrirhugað er að skrifa undir samninginn í byrjun næstu viku.

Fleira var ekki gert og fundi slitið.

Halla Kjartansdóttir, fundarritari.